



Hreppsnefnd 11.12.08

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 11. des. 2008 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00. Á fundinn voru mætt Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Halldóra Sigríður Árnadóttir, Kristín Reynisdóttir, Björn Halldórsson og Skúli Þórðarson. Jafnframt var mættur Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 27. nóv. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 27. nóv. sl.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. mál Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 1. des. sl.
Lögð fram fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 1. des. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

3. mál Fundargerð fræðslunefndar frá 12. nóv. sl.
Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 12. nóv. sl.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. mál Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2008.
Lagðar fram breytingartillögur við fjárhagsáætlun A- og B hluta Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2008. Jafnframt lagt fram rekstraryfirlit málaflokka eftir breytingar. Þá var lagt fram rekstrarreikningur, sjóðstreymi og efnahagsreikningur, þegar tekið hefur verið tillit til framlagðra breytingartillagna við fjárhagsáætlun 2008.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum gögnum. Í máli hans kom fram að miklar breytingar hefðu orðið á árinu á helstu vísitölum langt umfram það sem ráð hafði verið gert fyrir, sem m.a. leiðir til þess að fjármagnskostnaður hefur hækkað langt umfram væntingar, sem leiðir til þess að samkvæmt breytingunum er ráðgert að rekstrarreikningur samstæðu sveitarsjóðs verði gerður upp með 28.135 kr. tapi, þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnsliða að fjárhæð 123.424 þús. kr. nettó. Rekstrarniðurstaðan er á hinn vænginn jákvæð um 95.289 þús. kr. fyrir fjármagnsliði.
Handbært fé frá rekstri þ.e. þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftir, fjármagnskostnað, söluhagnað og skammtímalíði er áætlað 110.540 þús. kr.
Fjárfestingar eru 129.208 þús.kr. og seldar eignir 47.000 þús.kr. og síðan eru lán greidd niður um 76.220 þús. kr.
Miðað við að allt þetta gangi eftir er ráðgert að handbært fé í árslok verði 17.751 þús.kr.
Sveitarstjóri lagði síðan til að framlagðar breytingartillögur yrðu samþykktar.
Nokkarar umræður urðu um framlögð gögn og svaraði sveitarstjóri fyrirspurnum fundarmanna.

Hreppsnefnd samþykkti síðan fyrirliggjandi breytingartillögur ásamt fylgigögnum með 4 atkvæðum og 3 sátu hjá.

5. mál Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2009 A- og B hluta. -Fyrri umræða-
Lögð fram drög að fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B hluta fyrir árið 2009.
Með áætluninni fylgir rekstrarreikningur, rekstraryfirlit málaflokka sjóðstreymi samsteypunnar, efnahagsreikningur og sundurliðanir niður á deildir.
Sveitarstjóri gerði grein fyrir framlögðum gögnum. Samkvæmt sjóðstreymisyfirliti kemur fram að halli á rekstrarreikningi áætlunarinnar er 16.842 þús. kr., þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnsliða, söluhagnaðar og afskrifta.
Þegar leiðrétt hefur verið fyrir þessa þætti í sjóðstreymi kemur fram að handbært fé frá rekstri er

60.798 þús. kr., þá er gert ráð fyrir að selja eignir fyrir 98.700 þús. kr., ljúka framkvæmdum að fjárhæð 20.000 þús. kr. og greiða niður lán að fjárhæð 82.037 þús. kr.

Miklar blikur eru á lofti varðandi tekjuöflun sveitarfélagsins og útgjöld. Erfitt verður að ná saman endum þannig að reksturinn standi undir þeim fjárútlátum sem hann á að brúa. Sökum þess þurfa allir starfsmenn sveitarfélagsins að standa saman að því að gæta ýtrasta aðhalds og hagræðingar í rekstri sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri lagði síðan til að áætluninni yrði vísað til síðari umræðu.

Talsverðar umæður urðu um fyrirliggjandi gögn og og þá viðsjárverðu tíma sem í hönd færu varðandi tekjuöflun sveitarfélagsins og almennt atvinnuástand bæði í sveitarfélaginu og á landsvísu. Óvissa í verðlags og fjármálum hefur sjaldan eða aldrei verið eins mikil og nú er raunin á.

Í framhaldi var svofelld tillaga lögð fram: „Hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps felur sveitarstjóra í samráði við forstöðumenn deilda og stofnana að gera tillögur um hagræðingu og lækkun launa og rekstrarliða, sem nemi 2-4 %. Tillögur þessar skulu liggja fyrir áður en fjárhagsáætlun sveitarfélagsins verður afgreidd við síðari umræðu.“

Fyrirliggjandi tillaga var samþykkt samhljóða.

Jafnframt var samþykkt að vísa afgreiðslu fjárhagsáætlunar til síðari umræðu í hreppsnefnd.

6. mál. Samvinnuþryggingar eignarhaldsfélag/Giftar fjárfestingarfélag. Bréf Vopnafjarðarhepps og Giftar o.fl.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhepps til Samvinnuþrygginga eignarhaldsfélags/Giftar fjárfestingarfélags frá 27. nóv. sl. Jafnframt kynnt bréf sveitarfélagsins til lögfræðideildar Sambands Ísl sveitarfélaga og bréf Giftar fjárfestingarfélags ehf. frá 8. des. sl., þar sem tilkynnt er að félagið hefur móttengið bréf Vopnafjarðarhepps. Jafnframt er tilkynnt að fulltrúaráð Samvinnuþrygginga hefur boðað til fundar í Reykjavík fimmtudaginn 18. des. nk. og að stjórn Giftar ákvað á stjórnarfundum sínum 5. des. sl. að á fulltrúaráðsfundinum yrði lagt til að fulltrúaráðið hlutist til um rannsókn óháðra aðila á rekstri Giftar fjárfestingarfélags ehf.

Svofelld tillaga var síðan samþykkt:

„Hreppsnefnd samþykkir að óska eftir því við lögfræðideild sambands Ísl. sveitarfélaga að kanna hvort fulltrúi Vopnafjarðarhepps hefur heimild til þess að mæta á fulltrúaráðsfundinn þann 18. des. nk. Í því sambandi veitir Vopnafjarðarheppur lögfræðideildinni fullt umboð til þess að senda fulltrúa er sitji fundinn f.h. Vopnafjarðarhepps og gæti hagsmuna Vopnafjarðarhepps.“

7. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Bréf Skipulagsstofnunar dags. 28. nóv. sl. varðandi umsögn um efnistöku. Erindinu vísað til afgreiðslu í byggingar -og skipulagsnefndar.